

ÁSKORUN SVÆÐISSTÖÐVAR ÍÞRÓTTAHÉRAÐA TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFI

54. Sambandsþing UMFI haldið á Fosshóteli, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir áskorun til stjórnvalda um stuðning við svæðisstöðvar íþróttahéraða. Þingið skorar á Alþingi að tryggja áframhaldandi fjármagn til rekstur svæðisstöðva íþróttahéraða og Hvatasjóðs íþróttahreyfingarinnar næstu ár og að framlagið verði fest inni í fjárlagagerð hvers árs.

Greinargerð:

- Tillagan er lögð fram í tengslum við þá ákvörðun stjórnvalda að veita ÍSí og UMFI sameiginlega 400 m.kr. fjárframlag árið 2023 til tveggja ára. Framlögin voru nýtt til þess að setja á laggirnar svæðisstöðvar íþróttahéraða og stofna hvatasjóð íþróttahreyfingarinnar.
- Í samningi sem undirritaður var í desember 2023 kemur fram að afstaða til framhalds fjármögnunar skuli liggja fyrir í ágúst 2025. Þegar þessi greinargerð er rituð liggur sú afstaða enn ekki fyrir.
- Svæðisstöðvarnar gegna mikilvægu hlutverki í því að styðja við og efla starfsemi íþróttahéraða, veita faglega ráðgjöf og styrkja innviði hreyfingarinnar í þágu barna og ungmenna um allt land.
- Hvatasjóðurinn hefur reynst mikilvægur til að styðja við nýsköpun, þróunarverkefni og aukið aðgengi að íþróttastarfi.
- Til að þessi verkefni skili varanlegum árangri þarf fjármögnun þeirra að vera tryggð til framtíðar. Það er nauðsynlegt að framlögin verði fest í fjárlögum hvers árs, þannig að byggja megi upp stöðuga starfsemi sem hreyfingin og samfélagið allt getur treyst á.

Vísað til: